

Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar.

6. febrúar 2014 klukkan 20:00.

Mætt eru: Svandís Egilsdóttir, Irina Boiko, Freyja Jónsdóttir, Bóas Jakobsson og Þráinn Sigvaldason.

Fjarverandi eru: Þorsteinn Kristjánsson og Hólmfríður J. Lúðvíksdóttir.

1. Svandís talaði um mikilvægi skólaráðs. Og las svo fundargerð síðasta fundar. Farið var yfir þau verkefni sem talið var upp í fundargerðinni. Búið er að gera allt sem um var talað eða það komið íu ferli. Freyja sagði að aðgengi fatlaðra hefði lagast þó eitthvað þufi að huga betur að aðgengi að efri hæðinni. Einnig þarf að huga að því að einstaklingur í hjólastól á að geta komist inn í skólann einn og óstuddur en eins og staðan er í dag er það ekki hægt. Þurfum að skoða hvernig hægt er að gera þetta enn betra.
2. Aðalnámskrá grunnskóla.
 - Svandís fór í stuttu máli yfir Aðalnámskrá grunnskóla og hvernig hægt væri að vinna með hana í að móta skólastefnu fyrir sveitarfélagið og skólann. Mikilvægt sé að hafa stefnu í þessum málum þannig að við sjáum í hvaða anda við erum að vinna. Í námskránni er lögð áhersla á faglegt starf, leik og gleði en einnig samstarf við alla í nærsamfélaginu. Einnig er lögð áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi. Farið var í grunnþætti menntunar og hvernig við erum að vinna með þá í að mynda okkur stefnu skólans. Kennarar og skólastjóri hafa lesið og rætt almenna hluta námskránnar og höfum tekið fyrir þrjá þætti en það eru Læsi, sjálfbærni og heibrigði- og velferð. [Hinir eru, mannréttindi, lýðræði, sköpun og jafnrétti, aths. SE 7.02.2014]
 - Þráinn talaði um að þessi vinna hafi strax skilað sér jákvætt inn í skólastarfið.
 - Svandís sagði að búið væri að sækja um verkefnið Heilsueflandi skóli. Ákveðið hefði verið að kynna okkur það betur til haustsins.
 - Svandís fór yfir hugmyndir að stefnu fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar. Hún tók það fram að þetta væri á byrjunarstigi og eftir að vinna mikið með þetta plagg.
3. Brunavarnir-áætlun
 - Hreppsnefnd ætlar að setja upp brunavarnakerfi fyrir haust 2014.
 - Annað er í vinnslu og er áætlað að öllu verði lokið í janúar 2015.
4. Óveðursáætlun

- Búið er að vinna viðbragsáætlun ef óveður verður og fella þarf niður skólastarf og fór Svandís yfir þær . Áætlun samþykkt.

5. Val nemenda.

- Samkvæmt aðalnámskrá eiga skólar að bjóða nemendum upp á valáfanga. Ekki hefur verið boðið upp á val fyrir nemendur undanfarin ár og viljum við bæta úr því. Svandís fór yfir hugmyndir að vali og valáföngum fyrir efsta stigið nú í vor. Um er að ræða 20 kennslustunda val. Hægt er að fá gestakennara til að kenna einhverjar valgreinar.
- Í næstu viku verður þetta lagt fyrir nemendur og unnið svo áfram í framhaldinu.
- Umræða og tillaga samþykkt

6. Önnur mál.

- a. Farið var yfir breytingar á starfsmannahaldi. Hólmfríður er í fæðingarorlofi. Arngrímur Viðar er í 60% stöðu og Kristján Geir er í 40% stöðu.
- b. Þráinn fór örstutt yfir kjarabaráttu grunnskólakennara en svo virðist sem betri gangur sé í viðræðum grunnskólakennara en framhaldsskólakennara.
- c. Freyja spurði hvort við hefðum eitthvað hugsað út í að fá túlk til að aðstoða fólk með tungumálaörðugleika. Talað var um að það hefði einhvern tíman verið íslenska fyrir útlendinga en það hefur ekki verið í nokkur ár. Irena fór yfir sína upplifun og sagði að það væri mjög gott að fá aftur svona námskeið. Fundarmenn tóku undir það.
- d. Næsti fundur ákveðinn 10. júní klukkan 17:00.

Fundargerð lesin.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Fundi slitið klukkan 22:02.